

Kreppur og kerfishrun í ljósi kyngerva og þegnréttar

Þorgerður Einarsdóttir
Háskóla Íslands

Útdráttur: Í greininni eru þegnréttur og kyngervi í samtíma okkar skoðuð í samhengi við árin í kringum fyrri heimsstyrjöldina. Margt er líkt með þessum tveimur tímaskeiðum. Eftir hrunið og þrengingar í kjölfar þess barst skýrsla World Economic Forum um að kynjabil á Íslandi væri hið minnsta í heimi. Þetta á sér vissar hliðstæður við árin í kringum fyrri heimsstyrjöldina. Þá gengu mikil harðindaár yfir landið á sama tíma og kvenréttindi voru talin með þeim bestu í heimi. Í greininni er leitast við að draga fram hliðstæður þessara tímaskeiða en einnig hugmyndarof og uppbrot í því skyni að skilja okkar eigin samtíma. Skoðuð er samfélagsleg þátttaka og hlutdeild kvenna og hvaða menningarlegu hugmyndir hafa legið þar til grundvallar. Með því að skoða þá farvegi sem þegnrétti kvenna hefur verið beint í er hægt að skilja betur þversagnakennd kynjatengsl samtímans og hvaða lærdóma hægt er að draga af sögunni.

Lykilorð: Kreppur ■ kyngervi ■ þegnréttur

Abstract: The article addresses the issue of the gendered social citizenship of our times in relation to the period of the first World War. After the collapse of the financial system in 2008 and the following difficulties, the World Economic Forum reported that Iceland had the smallest gender gap in the world. This has historical resemblance with the period of the first World War when women's rights in Iceland were considered to be the best in the world. The article explores these parallels in order to map continuities and discontinuities. Social and political participation is explored and how it is culturally framed within each time period. By focusing on the terms for inclusion the article aims to shed a light on the paradoxical gender relations in our times and what lessons can be learned from history.

Keywords: Crisis ■ gender ■ social citizenship ■ Iceland

Inngangur

Eftir hrunið í október 2008 stóð íslenskt samfélag á tímamótum. Þau tímamót eru einstök en eiga sér þó um margt sögulegar hliðstæður bæði hérlendis og erlendis. Kerfishrun og kreppur fela í sér versnandi kjör og staða kvenna versnar iðulega meira en karla (Katrín Ólafsdóttir, 2010). Sú spurning vaknaði hvernig þessum málum væri háttað á Íslandi. Eitt af því fyrsta sem blasti við eftir hrunið var umrót í kynjatengslum. Fljótlega heyrðust þær raddir að hrunið mætti rekja til karllægra gilda og að krafa um uppstokkun fæli í sér aukinn hlut kvenna, kvenlægra gilda og réttlætis (Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, 2009; Anna Lilja Þórisdóttir, 2010).

Ný ríkisstjórn tók við völdum 1. febrúar 2009. Kynjahlutföll í henni voru jöfn og kona varð forsætisráðherra í fyrsta sinn í Íslandssögunni. Hin nýja ríkisstjórn kenndi sig við jöfnuð og kvenfrelsi, og gaf metnaðarfull fyrirheit¹ sem voru áréttuð eftir kosningarnar í maí 2009.² Strax á fyrsta ári ríkisstjórnarinnar voru lögfest nokkur baráttumál íslenskra kvennahreyfinga, svo sem bann við vændiskaupum (lög nr. 54/2009, breytingar á lögum nr. 19/1940), bann við nektardansi (lög nr. 13/2010, breytingar á lögum nr. 85/2007) og kynjakvótar í fyrirtækjum (lög nr. 13/2010, breytingar á lögum nr. 2/1995). Þessi mál eru umdeild og það er athyglisvert að þarna tóku stjórnvöld sér stöðu með sjónarmiðum róttækra femínista. Skýrsla World Economic Forum (WEF) sýndi að Ísland var með minnsta kynjabil (*e. gender gap*) af löndum heims tvö ár í röð, 2009 og 2010, eftir að hafa verið á eftir hinum Norðurlöndunum frá fyrstu mælingum WEF árið 2006 (Hausmann o.fl., 2010). Á sama tíma voru vísbendingar um áframhaldandi karllæg yfirráð.

Í þessari grein er fjallað um hin þversagnakenndu kynjatengsl í samtíma okkar með því að setja þau í sögulegt samhengi árána í kringum fyrri heimsstyrjöldina. Margt er líkt með þessum tíma og þeim sem við nú lifum. Miklar þrengingar gengu yfir landið á sama tíma og kvenréttindi voru talin með þeim bestu í heimi. Í greininni er leitast við að draga fram hliðstæður og samfellu en einnig hugmyndarof og uppbrot í þeim tilgangi að skilja okkar eigin samtíma. Spurt er hvað sé sameiginlegt og hvað ólíkt og í því skyni rýnt í töluleg gögn, umræður og orðræðu hvors tíma um sig. Skoðað er hvaða menningarlegu hugmyndir hafa legið til grundvallar samfélagslegri hlutdeild og þátttöku kvenna.

Greinin hefst á umræðu um hugtökin kyngervi (*e. gender*) og þegnurétt (*e. citizenship*) sem mynda fræðilega umgjörð umfjöllunarinnar. Þar á eftir er fjallað um Ísland á árunum í kringum fyrri heimsstyrjöldina. Í sögulega hlutanum er byggt á frumheimildum eins og *Kvennablaðinu*, sem Bríet Bjarnhéðinsdóttir ritstýrði, og *19. júní*, sem Inga Lára Lárusdóttir ritstýrði,³ en einnig eftirheimildum og sögulegri greiningu á tímabilinu. Þá er vikið að samtíma okkar og fjallað um kynjatengsl fyrir og eftir hrun. Umfjöllunin um samtíma okkar hefur skýrslu WEF um kynjabilið sem upphafsreit. Skýrslan er sett í samhengi við aðstæður í upphafi 21. aldar til að varpa ljósi á undirliggjandi hugmyndir um þegnurétt kvenna. Í umfjöllun um tímabilin tvö er byggt á fyrirliggjandi gögnum, opinberri tölfræði og fræðilegri greiningu. Í lokakafli er dregið saman hvaða lærdóm er hægt að draga af þessu fyrir framtíðaruppbyggingu íslensks samfélags.

Bakgrunnur og hugtök

Hugmyndin að sögulegum samanburði eru tvær keimlíkar ályktanir frá Kvenréttindafélagi

Íslands, með yfir 90 ára millibili. Sú fyrri er sett fram á erfiðleikaárinu 1917 og sú síðari eftir hrunið 2008.⁴ Báðar ályktanirnar fela í sér mikilsverðar upplýsingar um þjóðfélagsástandið, samfélagslega hlutdeild kvenna og gerendahæfni (e. *agency*). Ályktanirnar hljóða svo:

Fundurinn mótmælir þeirri ráðstöfun landsstjórnar og bæjarstjórnar að ganga fram hjá konum við skipun dýrtíðarnefnda, og skorar á þessi stjórnvöld að bæta tveimur konum við í verðlagsnefnd, matarnefnd og húsaleigunefnd, hverja fyrir sig. Sömuleiðis að verði fleiri nefndir skipaðar í dýrtíðarmálum, þá verði þær hlutfallslega jafnt skipaðar konum og körlum ([Bríet Bjarnhéðinsdóttir], 1917c: 41).

Kvenréttindafélag Íslands harmar það ástand sem upp er komið á fjármálamörkuðum og hjá fjármálastofnunum landsins. Við yfirtöku ríkisins á fjármálastofnunum hefur Fjármálaeftirlitið skipað þrjár skilanefndir. Aðeins tvær konur eru meðal þeirra fimmtán sem skipaðir hafa verið í nefndirnar. Kvenréttindafélag Íslands krefst þess að Fjármálaeftirlitið fari að íslenskum lögum eins aðrar stofnanir og gæti að hlutfalli kynjanna þegar skipað er í nefndir (Kvenréttindafélag Íslands, 2008).

Kreppa. Nokkur orð um hugtakið kreppu áður en lengra er haldið, en orðið „kreppur“ kemur fyrir í yfirskrift greinarinnar. Ólafur Páll Jónsson og Guðmundur Jónsson ræða margvíslega merkingu hugtaksins í þemahefti *Ritsins*, „Eftir hrunið“, árið 2009. Ólafur Páll vísar í hagfræðilega skilgreiningu á kreppu en hún er þegar þjóðarframleiðsla dregst verulega saman tvo ársfjórðunga í röð. Ólafur Páll undirstrikar mikilvægi þess að horfa ekki einungis á ytri hlið kreppunnar heldur einnig aðrar hliðar svo sem sjálfsmýndarkreppur og sálrænar kreppur og hvernig þær hafa sett mark sitt á íslenskan samtíma (Ólafur Páll Jónsson, 2009). Guðmundur rýnir í kreppur frá sögulegu sjónarhorni, m.a. ástandið í fyrri heimsstyrjöldinni, eftirstriðsárakreppuna 1920-1923, efnahagserfiðleika, pólitíska ólgu, heimskreppuna á 4. áratugnum og seinni heimsstyrjöldina (Guðmundur Jónsson, 2009).

Í íslensku samhengi er algengast að vísað sé til 4. áratugar síðustu aldar sem „kreppuáranna“ og ekki er venja að tala um erfiðleikaárin í kringum fyrri heimsstyrjöldina sem kreppuástand. Lýsingar og vitnisburður um ástandið á þeim tíma gefa þó til kynna að mjög hart hafi verið í ári og í því samhengi er vert að huga að orðum Ólafs Páls um huglæggar og sálfræðilegar hliðar á kreppum. Þótt kreppan á fjórða áratugnum hafi fengið það heiti í sögulegu minni þjóðarinnar er ljóst að erfiðleikar voru mjög miklir á árunum kringum fyrri stríð. Guðjón Friðriksson fjallar um tímabilið 1914-1918 undir yfirskriftinni „Stríðsprengingar“ í bók sinni *Saga Reykjavíkur* (1994: 3). Hann segir að frá 1916 til 1918 hafi ríkt neyðarástand í Reykjavík og hafi það lýst sér í atvinnuleysi, húsnaðisvandræðum, verðbólgu og skorti á eldsneyti, matvælum og byggingarefni. Við þetta bættist frostaveturinn mikli 1918 og spænska veikin (Guðjón Friðriksson, 1994). Það er með tilvísun í þessar aðstæður sem hér á eftir er vísað til samtíma okkar og áranna kringum fyrri heimsstyrjöldina sem kreppuástands.

Kyngervi. Kynjavíddin í fræðilegri umræðu er gjarnan á tveimur plönum sem birtast í aðgreiningu í kyn (e. *sex*) og kyngervi (e. *gender*). Á nokkuð einfaldan hátt má segja að hugtakið kyn snúist um líffræðilegt kyn og hausatölu. Hugtakið kyngervi er eitt helsta greiningartæki nútíma kynjarannsóknna og hefur víðari skírskotun. Með því er hugtakið kyn víkkað

út til að ná til kynjavíddarinnar í táknrænum, menningarlegum og félagslegum skilningi. Kyngervi byggjast á menningarlegum hugmyndum um kvenleika og karlmennsku sem í senn eru skapaðar og skapandi (Scott, 1996). Kyngervi móta sjálfsmynd okkar, athafnir og hugsun en einnig samfélagslegar stofnanir og menningarástand. Kyngervi tengjast því ekki bara fólki heldur geta einnig tofnanir, stjórnkerfi og samfélagsleg fyrirbæri haft kyngervi. Í þessum skilningi hafði íslenska útrásin og fjármálakerfið fyrir hrun kyngervi (Þorgerður Einarsdóttir, 2010; Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2010). Merking hugtakanna kvenleiki og karlmennska er lifandi og breytileg en í okkar heimshluta hvíla kyngervin þó á grunni vestrænnar heimspeki sem hefur tengt kvenleika við tilfinningar og náttúru en karlmennsku við skynsemi og rökhyggju (sjá t.d. Guðnýju Gústafsdóttur, 2009).

Kynjaumræðan snýst að þessu leyti bæði um fjölda fólks af hvoru kyni, t.d. að bæði kyn komi að stjórnun og ákvarðanatöku, en einnig um inntak hugmynda. Þegar Kvenréttindafélagið fór fram á nýja bjargráðanefnd árið 1917 sem skipuð yrði bæði konum og körlum var í reynd bæði horft til höfðatölu og hugmynda. Konurnar kröfðust hlutdeildar sem hópur en ekki bara til að vera með heldur af því að þær töldu að það vantaði tiltekna þekkingu sem nauðsynleg væri fyrir farsæla uppbyggingu samfélagsins. Í kynjafræðilegum skilningi er grundvallaratriði að þetta tvennt fari saman. Þótt konur hafi verið útilokaðar frá tilteknum samfélagskerfum er ekki þar með sagt að nærvera þeirra ein og sér breyti hlutunum sjálfkrafa, slíkt væri að eðlisgera eiginleika kynjanna. Reynslan sýnir að konur jafnt sem karlar taka mið af umhverfi sínu og þeim gildum og viðmiðum sem fyrir eru. Konur sem ganga gagnrýnislaust til liðs við ráðandi gildi og ríkjandi kerfi verða nokkurs konar afsökun fyrir óbreytt ástand. Barátta kvannahreyfinga snýst því sjaldan einungis um höfðatölu heldur líka um efnisleg rök og innihald hugmynda. Sama gildir um kynjafræðilega greiningu, með henni er rýnt í valdatengsl og lýðræði og skoðað hvernig sjónarmiða kvenna og jaðarhópa er gætt.

Þegnréttur. Þegnréttur er margþætt hugtak sem notað er til að skýra og skilja forsendurnar fyrir fullri aðild einstaklinga að samfélagi. Marshall fjallaði um þróun hugtaksins og gerði ráð fyrir þegnrétti sem þátttöku á markaði og í pólitísku, félagslegu og borgaralegu lífi (Marshall, 1950). Þegnréttur nær yfir lagalega og samfélagslega stöðu, réttindi og skyldur og þátttöku, en einnig ástand, athafnir og sjálfsmyndir (Halsaa, 2009; Lister, 1997). Þegnréttur snýst um tengsl borgaranna og ríkisvaldsins en einnig tengsl borgaranna innbyrðis. Þegnréttur er víðara hugtak en borgararéttur og felur í sér samspil milli einstaklinganna og hinna samfélagslegu stofnana, á formlegum vettvangi sem óformlegum, opinbera sviðinu og einkasviðinu. Í reynd má segja að þegnrétturinn varpi ljósi á þann sáttmála sem skýrir hverjir eiga fulla aðild að samfélaginu hverju sinni, hvaða bjargir og forréttindi falla í hlut hverra (Siim, 2000).

Í nýrri rannsóknnum hefur þegnréttarhugtakið gjarnan verið sundurgreint í smærri einingar. Í evrópska rannsóknarnetverkinu FEMCIT, Gendered Citizenship in Multicultural Europe, er hugtakið t.d. greint í sex svið, þ.e. pólitískt, efnahagslegt, félagslegt, etnískt/trúarlegt, svið líkamleikans (e. *bodily dimension*) og persónulegt svið, og þau skoðuð hvert fyrir sig (Halsaa, 2008). Í umfjölluninni hér á eftir verður leitast við að tefla saman hinum ýmsu sviðum þegnréttarhugtaksins, þ.e. samfélagslegri stöðu kvenna í mismunandi birtingarmyndum. Rýnt verður í atvinnuþátttöku kvenna, menntun og menningarlegar birtingarmyndir kvenleikans og skoðað hvernig þessir þættir ríma við pólitíska stöðu, félagslega virkni og gerendahæfni. Með þessu er opnað fyrir nýja sýn á kynjatengsl og

kyngervi. Hugtakið þegnrettur gefur möguleika á að skoða hvernig konur eru „meðteknar“ í samfélaginu (e. *inclusion*); hvernig hlutdeild þeirra og samfélagslegri þátttöku er háttáð og á hvaða forsendum þær eru taldar með, í stað þess að beina sjónum að útilokun þeirra (e. *exclusion*) eins og títt er um kynjakerfiskenningar (e. *patriarchy, gender order*) (sjá t.d. Walby, 1997).

Fyrri heimsstyrjöldin – lagalega rétt hæstar kvenna í víðri veröld

Ísland var landbúnaðar- og fiskiveiðisamfélag árið 1917 þegar Kvenréttindafélagið gagnrýndi fjarveru kvenna úr dýrtíðar- og bjargráðanefndunum. Um 60% landsmanna unnu við landbúnað og fiskveiðar en iðnvæðing var varla hafin (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997). Fyrri heimsstyrjöldin stóð sem hæst og á Íslandi gekk í garð erfiðleikatímabil sem stóð allt fram til 1920. Það hafði í för með sér versnandi viðskiptakjör og hækkandi verðlag, auk minnkandi fiskafla vegna sölu á helmingi togaraflotans (Magnús S. Magnússon, 1993). Í *Kvennablaðinu* var fjallað um atvinnuleysi, vöruskort og skömmtunarkerfi (Bríet Bjarnhéðinsdóttir, 1917b). Eins og fram kom hér að framan talar Guðjón Friðriksson um „neyðarástand“ í Reykjavík (Guðjón Friðriksson, 1994:3). Verkafólk og bændur bjuggu við ótrygga afkomu. Fyrri heimsstyrjöldin raskaði því valdakerfi sem ríkt hafði á heimastjórnartímabilinu og ýtti undir samtakamyndun bænda og verkafólks með stofnun Framsóknarflokks og Alþýðuflokks árið 1916 (Gunnar Helgi Kristinsson, 1993). Verkalýðshreyfingunni óx ásmegin og stéttaátök hófust fyrir alvöru. Áfram voru konur þó jaðarsettar í hinu nýja valdakerfi og gildi þá einu hvort um var að ræða stéttarfélög, pólitíska flokka eða stjórnkerfið.

Íslenska þjóðin var í miðri sjálfstæðisbaráttu og konur í kvenfrelsisbaráttu (Sigríður Matthíasdóttir, 2004). Konur höfðu fengið rétt til náms, styrkja og embætta árið 1911. Annars staðar á Norðurlöndum höfðu konur fengið rétt til að nema við háskóla talsvert fyrr, eða á árunum 1873-1901. Ísland var hins vegar fyrsta landið til að veita konum rétt til opinberra embætta á sama tíma og rétt til náms, hvergi annars staðar hafði slíkt verið gert. Konur í Danmörku fengu rétt til embætta árið 1921 og konur í Noregi 1938 (Bergqvist, 1999, Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1993). Þegar kosningarétturinn fékkst þessu til viðbótar, fyrir konur 40 ára og eldri, ríkti mikil bjartsýni meðal íslenskra kvenna sem töldu sig nú hafa ákveðna sérstöðu: „Þannig erum vér, íslenskar konur, lagalega rétt hæstar allra kvenna í víðri veröld“, eins og Inga Lára Lárusdóttir sagði í fyrsta tölublaði *19. júní* árið 1917 (Inga Lára Lárusdóttir, 1917: 1).

Margar kvenréttindakonur töldu að pólitískum réttindum fylgdi skyldan til þátttöku. Um leið og konur fengu rétt til þátttöku í bæjarmálum buðu þær fram sérstakan kvennalista og fengu fjórar konur kjörnar í bæjarstjórn Reykjavíkur árið 1908 (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1993). Bríet Bjarnhéðinsdóttir, sem var formaður Kvenréttindafélagsins og gaf út *Kvennablaðið*, hvatti konur til að láta til sín taka á vettvangi stjórn mála, með beinni þátttöku þar sem þær höfðu kosningarétt eins og í bæjarmálum, og með óbeinni þátttöku þar sem þær höfðu hann ekki, svo sem í landsmálum (sjá [Bríet Bjarnhéðinsdóttir], 1911 og 1913). Sjálf nýtti Bríet pólitísk réttindi sín óspart. Hún var fjórða á lista Heimastjórnarflokksins árið 1916. Listinn fékk þrjá kjörna en Bríet féll niður um sæti vegna útstrikana. Hún var annar varamaður og fór aldrei á þing (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1993: 139). Þetta gaf forsmekkinn

að því sem koma skyldi. Konum var ekki greiður aðgangur að hinu pólitíska kerfi. Fyrsta konan á Alþingi var Ingibjörg H. Bjarnason, kosin af sérstökum kvennalista árið 1922. Þróunin var afar hæg fram eftir öldinni. Í 68 ár eftir að konur fengu pólitísk réttindi, frá 1915 til 1983, voru þrjár eða færri konur á Alþingi og stundum engin. Margir flokkar voru seinir að treysta konum fyrir þingmennsku og ráðherraembættum (Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, 2009).

Á fyrstu áratugum 20. aldarinnar var ríflega þriðjungur kvenna virkur á vinnumarkaði. Um það bil helmingur þeirra tilheyrði stétt vinnukvenna og ríflega þriðjungur vann í landbúnaði og iðnaði (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997). Atvinnuþátttakan var mest meðal fátækra kvenna og kjör þeirra voru bágborin. Fiskvinna og „eyrarvinna“ var algeng og þar voru laun kvenna oft um helmingur af launum karla (Bríet Bjarnhéðinsdóttir, 1915: 2). Hagtölur sýna að árið 1917 átti hver kona 3,8 börn en ekki eru til sundurgreindar upplýsingar um atvinnustöðu kvenna eftir hjúskap og barnafjölda. Vel yfir helmingur ógiftra kvenna var virkur á vinnumarkaði, eða 57%, á móti um 5% giftra kvenna. Um það bil tíunda hvert barn var fætt utan hjónabands á árunum 1900 til 1930 (Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, 1997). Líklegt er að mæður þeirra barna hafi þurft að framfleyta sér og því má leiða getum að því að margar þeirra ógiftu kvenna sem voru á vinnumarkaði hafi haft fyrir börnum að sjá.

Kvenréttindafélagið hafði starfað síðan 1907 og beitt sér í málefnum verkakvenna. Eftir þreifingar og baráttu félagsins höfðu laun kvenna hækkað nokkuð en sumarið 1914 höfðu ýmsir atvinnurekendur lækkað launin (úr 20 aurum niður í 17 aura) ([Bríet Bjarnhéðinsdóttir], 1915). Í framhaldi af þessu var verkakvennafélagið Framsókn stofnað árið 1914, en konum hafði verið meinuð innganga í Dagsbrún við stofnun þess árið 1906 (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1993). Á nokkrum mánuðum voru félagskonur orðnar á annað hundrað talsins. Í umfjöllun sinni sýnir *Kvennablaðið* skilning á að tímarnir séu erfiðir fyrir útgerðarmenn en bætir við að þeir séu það ekki síður fyrir verkalýðinn: „Allar vörur, bæði matvörur útlendar og innlendar, kol, olía, húsaleiga og skattar hækka gífurlega, og þeir sem fyrir fáum árum gátu lifað af vinnulaunum sínum, geta það ekki nú“ ([Bríet Bjarnhéðinsdóttir], 1915: 2).

Dagvistun fyrir börn útivinnandi mæðra var lítil sem engin. Bríet Bjarnhéðinsdóttir og fleiri börðust fyrir dagvistun fyrir fátækar fjölskyldur. Árið 1906 var vöggustofan Karítas í Reykjavík opnuð með vistun fyrir 3-18 mánaða gömul börn „fátækra einyrkja-kvenna, sem eru að reyna að hafa ofan af fyrir sér, en verða ómagar af ungabarninu“ ([Bríet Bjarnhéðinsdóttir], 1905: 10). Reikna má með að þörfin hafi verið allnokkur því Karítas var rekin í nokkur ár (Guðjón Friðriksson, 1994: 135). Tveir opnir leikvellir voru opnaðir í Reykjavík árið 1908 fyrir baráttu kvenna í bæjarstjórn Reykjavíkur. Eftir samstillt átak Kvenréttindafélagsins og kvenna í bæjarstjórn voru fleiri leikvellir opnaðir 1915 (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1993). Leikvellirnir buðu upp á hlutadagsvistun og þjónuðu því aðallega mæðrum í hlutastarfi. Síðar urðu leikvellir hluti af hinni íslensku leið til að mæta þörfum útivinnandi mæðra.

Þetta fyrirkomulag spratt úr og ýtti undir þær hugmyndir að konur væru fyrst og fremst mæður og húsmæður sem sinntu launavinnu af nauðsyn eingöngu. Konur á Íslandi voru þátttakendur í samfélaginu en launavinna þeirra og þegnrettur tók mið af hlutverki þeirra sem mæðra og húsmæðra með kröfu um að þær gegndu ólíkum hlutverkum samtímis. Barátta

kvenna fyrir samfélagslegri dagvistun fór í þennan farveg. Árið 1924 stofnuðu konur Barnavinafélagið Sumargjöf og þar var hugmyndin um hlutadagvistun fest frekar í sessi. Hlutadagvistun jókst fram eftir allri 20. öldinni, samhliða opnum leikvöllum, til að konur gætu sinnt launavinnu meðfram húsmóðurstarfi. Þetta fyrirkomulag mætti engan veginn þörfum margra kvenna og endurspeglaði ekki veruleika þeirra. En hugmyndin um konur sem mæður og húsmæður var ráðandi og raunverulegar breytingar urðu ekki fyrir en á 10. áratug síðustu aldar þegar heilsdagsvistun barna komst á dagskrá fyrir alvöru (Helga Kristín Benediktsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2009).

Þótt konur ættu lagalegan rétt til styrkja og embætta áttu þær ekki greiðan aðgang að embættismannakerfinu. Mikið hallar á konur í opinberum störfum, segir í *19. júní* árið 1917, þar sem greint er frá svokallaðri Starfskrá. Engin kona átti sæti í landsdómi eða vann í stjórnarráðinu. Engin kona var dómari, sýslumaður, lögregla, hreppsstjóri eða lækni, engin kona gegndi „geistlegu embætti“ eða var í kirkjustjórn, og engin hafði fengið skálda- eða listamannastyrk. „...[F]ylkingin [er] auð af konum hið efra, en þeim fjölgar eftir því sem neðar dregur. Við hinar æðri mentastofnanir, svo sem háskólann, hinn almenna mentaskóla, gagnfræðaskólann á Akureyri og kennaraskólann er engin kona fastur kennari“ ([Inga Lára Lárusdóttir], 1917: 39-40). Hins vegar eru tveir stórir starfahópar kvenna en það eru ljósmæður og kennarar. Laun kvenna eru langtum lægri en karla og greinarhöfundur gerir kröfu um sömu laun fyrir sömu vinnu óháð kyni. „Sú krafa er réttmæt og hlýtur að vera tekin til greina sé henni fylgt fram með djörfung og samheldni“ ([Inga Lára Lárusdóttir], 1917: 39-40). Þess má geta að fyrstu heildstæðu lögum um launajafnrétti á vinnumarkaði voru sett árið 1961 en um hálfri öld síðar var kynbundinn launamunur enn umtalsverður og með því mesta í Evrópu (Lilja Mósesdóttir o.fl., 2006).

Sá skilningur íslenskra kvenna árið 1917 að þær væru „réthæstar allra kvenna í víðri veröld“ blés þeim í brjóst ríkan vilja til samfélagslegrar þátttöku og ábyrgðar. Kvenréttindakonur brýndu aðrar konur til virkni og áhrifa. Framlagi þeirra og þátttöku var hins vegar veitt í þann farveg sem samfélagið hafði skilgreint fyrir þegnrétt þeirra. Röksemdafærslan tók mið af húsmóðurhugmyndafræðinni en í henni fólst að konur væru fyrst og fremst mæður og húsmæður. Sérfræði kvenna var annars vegar talin spretta af hlutverki þeirra sem húsmæðra og hins vegar af þekkingu í krafti opinberrar stöðu sem hússtjórnarkennslukvenna. Bríet Bjarnhédinsdóttir skrifaði í *Kvennablaðið* í febrúar 1917, þá stödd í Kaupmannahöfn, og gerði dýrtíðar- og bjargræðisnefndir að umtalsefni. Hún klæddi þessar hugsanir í þann búning sem orðræða samtímans leyfði. Hún sagði að alls staðar í Norðurálfunni sætu konur í dýrtíðar- og bjargræðisnefndum; tekið væri tillit til þess að þær hefðu betur vit á slíkum eignum en karlmenn. Á Íslandi þætti hins vegar sjálfsagt að ganga fram hjá þeim: „Það er aðeins á Íslandi sem karlmennirnir ætla sér bezta og mesta vitið og þekkinguna í þeim eignum“ (Bríet Bjarnhédinsdóttir, 1917a: 22). Þekkinguna taldi hún sprotna af vinnu kvenna á heimilinu. Í sama streng tók ritstjóri *19. júní*, Inga Lára Lárusdóttir, og ítrekaði ábyrgð kvenna á tímum „dýrtíðarinnar“: „Afkoma þjóðarinnar á þessum vandræða tímum er mjög undir stjórnsemi og hagsýni húsmæðranna komin, hvort þær eru hátt eða lágt settar, stjórna stóru eða litlu heimili. Dýrtíðin drepur á hverjar einustu dyr“ ([Inga Lára Lárusdóttir], 1917: 10).

Fundurinn sem getið var um hér í upphafi var haldinn að tilhlutan Kvenréttindafélagsins í Bårunni 7. júlí 1917 og hann sóttu „á þriðja hundrað kvenna“ ([Bríet

Bjarnhéðinsdóttir], 1917c: 41). Áskorun fundarins vegna hinna nýstofnuðu bjargráðanefnda var send bæði til stjórnvalda og bæjarstjórnar Reykjavíkur, og gekk út á að bæta tveimur konum við í nefndirnar og skipa framvegis slíkar nefndir báðum kynjum. Í framhaldi af hinum fjölmenna fundi og áskorun hans sendi stjórn Kvenréttindafélagsins Bjargráðanefnd Alþingis bréf sem hefst á eftirfarandi orðum: „Vér konur höfum furðað oss mjög á því að í öllum dýrtíðarráðstöfunum Alþingis, landsstjórnar og bæjarstjórnar, skuli konurnar ekkert vera kvaddar að þessum málum“. Stjórnin rökstyður mál sitt ítarlega og setur fram þá tillögu að „sett verði sérstök nefnd skipuð bæði færum húsmæðrum eða hússtjórnarkennslukonum og karlmönnum, sem bæði landsstjórnin og hinar dýrtíðarnefndirnar geti snúið sér til, þegar um einhver þau mál er að ræða, sem nánast snerta heimilin“ ([Briet Bjarnhéðinsdóttir], 1917d: 57-58).

Framhald málsins varpar áhugaverðu ljósi á ráðandi hugmyndir um þegnrétt kvenna og þær þversagnir sem hann hvíldi á. Málið var tekið fyrir á Alþingi þar sem bjargráðanefnd efri deildar tók málinu vel en það var hins vegar fellt í neðri deild (Kristín Ástgeirsdóttir, 2002: 159). Briet sat sjálf í bæjarstjórn á þessum tíma og lagði þar fram tillögu í samræmi við áskorun Kvenréttindafélagsins. Málið var tekið fyrir á fundi bæjarstjórnar þann 16. ágúst 1917. Miklar umræður urðu um málið, einkum tillögu Brietar, og var breytingartillaga lögð fram við hana. Málinu lyktaði með að svohljóðandi tillaga frá Knud Ziemsen borgarstjóra var samþykkt:

Bæjarstjórnin ályktar að kjósa 5 manna nefnd, er skipuð sé konum, til þess að leiðbeina heimilum um sparnað í dýrtíðinni og hagnýtingu matvæla og eldsneytis. Nefndin skal því aðeins skipuð, að þær konur utan bæjarstjórnar, sem bæjarstjórnin kýs, vilji taka að sér kauplaust það starf, sem nefndarmönnum er ætlað (Fundargerð bæjarstjórnar Reykjavíkur 16. ágúst 1917).

Konurnar neituðu hins vegar að taka sæti í nefndinni. Hún átti að vera launalaus og þeim þótti ljóst að hún væri valdalaus (Auður Stykkarsdóttir, 1998; Kristín Ástgeirsdóttir, 2002).

Þarna kristallast þau átök sem áttu sér stað um samfélagslegt hlutverk kvenna og þær þversagnir sem konurnar urðu að takast á við. Þær krefjast þess að vera taldar með og teknar með, þær vilja samvinnu við karla og rökstyðja hlutdeild sína að hluta til með tilvísan í þekkingu sína og hæfni sem húsmæðra. Alþingi hafnaði ósk þeirra, eins og fyrr segir. Mótaleikur bæjarstjóra var hins vegar að skipa kauplausa og valdalaus kvennanefnd sem konurnar höfnuðu þátttöku í. Hér er tekist á um forsendurnar fyrir þegnrétti kvenna og hvernig hann skuli skilgreindur. Konurnar vísa í hagsýni kvenna og segja má að bæjarstjóri hafi nýtt sér þau rök til að halda þeim jaðarsettum og valdalausum; þær áttu jú að kenna fólki að spara. Tekist er á um eftir hvaða farvegi umræðan eigi að renna. Andstaða kvennanna og viðleitni þeirra til að skilgreina sjálfar forsendurnar fyrir þátttöku sinni mætir andstöðu og þær verða undir í þeim átökum. Réttindabarátta kvenna er vörðuð hugmyndafræðilegum átökum á borð við þessi þótt þau hafi borið mismunandi hátt eftir tímabilum.

Eftir fyrsta áfanga borgaralegra réttinda um 1915 tók að myndast gjá innan kvenna-hreyfingarinnar. Annars vegar voru konur sem studdu ráðandi orðræðu sem vegsamaði húsmóður- og móðurhlutverkið, og hins vegar voru þær sem töldu að konur ættu *jafnframt því* rétt á hlutdeild í opinberu lífi. Um 1930 hafði húsmæðrahugmyndafræðin náð undirtökunum.

Auðvelt er að ímynda sér að atburðir eins og þeir sem getið er hér að ofan hafi átt þátt í að vinna slíkum hugmyndum fylgi. Húsmæðrahugmyndafræðin myndaði farveg fyrir íhaldssama þjóðernisstefnu sem litaði hugmyndir um samfélagslegt hlutverk kvenna, hlutdeild og þegnrétt áratugum saman. Á millistríðsárunum styrktist þessi hugmyndafræði í sessi og enn frekar eftir seinna stríð (Sigríður Matthíasdóttir, 2004).

Þótt amast væri við því að konur ynnu utan heimilis gerði að minnsta kosti þriðjungur kvenna það alla 20. öldina (Hagstofa Íslands, 2004). Konum var ekki meinuð samfélagsleg þátttaka en hlutdeild þeirra var skilyrt af menningarlegum hugmyndum um hlutverk þeirra sem mæðra og húsmæðra. Þetta skapaði lífi þeirra umgjörð rétt eins og hið opinbera regluverk og kerfislægir þættir á borð við velferðarkerfi, skólakerfi og fleira. Farvegir orðræðunnar eiga þátt í að skilgreina þá valkosti sem í boði eru og ramma inn túlkun einstaklinganna á þeim sömu valkostum; hið skilyrta val er gjarnan túlkað sem frjálst og óháð efnislegum aðstæðum og hugmyndafræðilegum valdatengslum (Hirschmann, 2006). Þótt konur á Íslandi teldu sig „...lagalega rétt hæstar allra kvenna í víðri veröld“ var þegnréttur þeirra skilyrtur af hugmyndum samtímans. Baráttan fyrir fullum þegnrétti hélt þó áfram og fór vaxandi.

Ísland í byrjun 21. aldar – minnsta kynjabil í heimi

Aðstæður á Íslandi í upphafi 21. aldar eru með því besta sem gerist í efnahagslegu og félagslegu tilliti (Hagstofa Íslands, 2009). Staða kvenna er einnig með því besta sem þekkt, rétt eins og talið var nærri 100 árum fyrr. Þannig mældist Ísland með minnsta kynjabilið af 134 löndum heims 2009 og 2010 samkvæmt WEF, eins og kynnt var hér í upphafi (Hausman o.fl., 2010). Hafa ber í huga að mælikvarðar eins og kynjabil WEF eru félagslegur tilbúningur með þeim takmörkunum og fræðilegu álitamálum sem þeim fylgja. Hér eru allir slíkir varnaglar slegnir. Eigi að síður segja þeir ákveðna sögu um ástand mála og gera mögulegan samanburð milli tímasteiða og heimshluta. WEF styðst við fjóra mælikvarða: a) efnahagslega þátttöku og tækifæri, b) menntun, c) pólitíska þátttöku og d) heilsu (Hausmann o.fl., 2010). Hugtakið þegnréttur er ekki notað af WEF en mælikvarðarnir eiga sér nokkra hliðstæðu við þá þætti sem fjallað var um hér að framan (atvinnuþátttöku, menntun, pólitíska þátttöku, gerendahæfni) og því er freistandi að rýna nánar í þá.

Efnahagsleg þátttaka og tækifæri fela í sér atvinnuþátttöku, laun fyrir sambærileg störf, atvinnutekjur, og kynjahlutfall meðal stjórnenda og sérfræðinga. *Menntun* felur í sér læsi, grunnmenntun, framhaldsskólamenntun og háskólamenntun. *Heilsa* er mælistika sem felur í sér líkur á heilbrigðu lífi og kynjahlutfall meðal nýbura, en um heilsu verður ekki fjallað hér. Loks fela *stjórnsmál* í sér hlutfall kynja á þingi og meðal ráðherra, sem og það tímabil síðastliðin 50 ár sem kona hefur verið þjóðhöfðingi (Hausmann o.fl., 2010). WEF hefur mælt kynjabilið síðan 2006 og býr til vísitölu úr ofangreindum mælikvörðunum, frá 0 og upp í 1,0. Það land sem mælist lægst árin 2009 og 2010 er Jemen með heildarvísitöluna 0,46 bæði árin, en Ísland er hæst með 0,85 árið 2010, og fór úr 0,83 árið 2009. Ekkert land er því laust við kynjabil og þau sem hæst eru vantar umtalsvert upp á til að loka því (Hausman o.fl., 2010).

Á árunum 2006 til 2008 var Ísland í 4. sæti á lista WEF yfir kynjabilið, á eftir Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Árið 2009 brá svo við að Ísland var í fyrsta sæti en þess ber að geta að hverfandi munur er á efstu sætunum (Hausmann o.fl., 2010). Það er athyglisvert að þetta

gerist eftir hrunið 2008. Hvað gerir það að verkum að Ísland fer úr fjórða sæti í það fyrsta eftir slíkar hremmingar? Skoðum fyrst almenna stöðu kynjanna í byrjun 21. aldar.

Atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi er með því mesta sem gerist í heiminum, eða um 78% á móti 85% hjá körlum (Hagstofa Íslands, 2010). Ísland nær þó aðeins um 0,75 stigum af 1,0 í mælingu WEF árið 2010 á efnahagslegri þátttöku og tækifærum í heild og er þar í 18. sæti. Þótt atvinnuþátttaka sé mikil verða aðrir þættir til þess að draga mælinguna niður. Þar má nefna launamun fyrir sambærileg störf og hlutfall kvenna meðal stjórnenda og embættismanna. Hlutfall kvenna meðal sérfræðinga ýtir vísitölunni hins vegar upp, enda menntun þeirra mikil (Hausmann o.fl., 2010). Íslendingar vinna langa vinnuviku og með því lengsta á byggðu bóli. Karlar á aldrinum 16-74 ára vinna um 44 stundir á viku en konur á sama aldri um 35 stundir (Hagstofa Íslands, 2010). Það er athyglisvert að konur vinni svo langa vinnuviku þrátt fyrir að um þriðjungur þeirra sé í hlutastarfi (Hagstofa Íslands, 2004) og að konur á Íslandi eigi að meðaltali fleiri börn en konur í nokkru öðru Evrópuríki (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009). Opinber dagvistun barna er hér sambærileg við Norðurlöndin og yfir 93% forskólabarna, tveggja ára og eldri, eru á leikskóla (Hagstofa Íslands, 2010). Dagvistun er ekki í mælingum eða vísitölu WEF.

Viðtekið er að hafa stjórnmaláþátttöku til marks um samfélagslega stöðu kvenna. Ísland skipar 1. sæti í mælingu WEF í stjórnmalum árin 2009 og 2010, enda þótt stigin þar árið 2010 séu einungis 0,68 af 1,0 (Hausmann o.fl., 2010). Athyglisvert er að það land sem mælist hæst á þessu sviði nái ekki hærra en svo. Sterk staða Íslands er ekki síður athyglisverð með hliðsjón af því að pólitísk staða kvenna á Íslandi hefur löngum verið öllu lakari en annars staðar á Norðurlöndum. Eins og fram kom hér að framan voru íslenskir stjórnmalaflokkar seinir að treysta konum til þingsetu og ráðherraembætta (Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, 2009). WEF mælir hlutfall kvenna á þingi og meðal ráðherra, sem og þann árafjölda síðastliðna hálfra öld sem kona hefur verið þjóðhöfðingi (Hausmann o.fl., 2010: 5). Forsetatið Vigdísar Finnbogadóttur fleytir Íslandi hér helmingi lengra en annars staðar á Norðurlöndum, eða í 3. sæti með 0,53 stig af 1,0 (Hausmann o.fl., 2010), þrátt fyrir að íslenska forsetaembættið sé valdalaust í hefðbundnum pólitískum skilningi.

Það er umhugsunarvert að menntun og heilsa eru þeir þættir þar sem kynjabilinu hefur víðast verið lokað af löndum heims, eins og það er mælt af WEF, enda mælistikan fremur þröng. Jafnvel þau lönd sem lægst standa ná næstum að loka þessu bili (Hausmann o.fl., 2010: 5). Á Íslandi hafa konur verið fleiri en karlar á háskólastigi frá árinu 1984. Menntun þeirra, mæld í útskriftum og prófgráðum úr háskóla, hefur því verið meiri en karla um árabíl (Menntamálaráðuneytið, 2002; Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005). Það kemur því ekki á óvart að Ísland sé í hópi þeirra 25 landa í skýrslu WEF sem hafa lokað kynjabilinu í menntun. Í mörgum þeirra landa er menntun kvenna orðin meiri en karla, bæði í árum og gráðum talið (Hausmann o.fl., 2010).

Menntun ein og sér tryggir konum hins vegar ekki völd og áhrif. Rannsóknir sýna að menntun skilar körlum lengra áleiðis en konum, hvert sem litið er í samfélagi og menningu (Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005). Þær eru í minnihluta í áhrifa-stöðum í atvinnulífi, hvort sem um er að ræða einkageirann eða opinbera geirann, meðal forstjóra, framkvæmdastjóra, í stjórnnum fyrirtækja eða stofnana. Ennfremur í opinberri stjórnsýslu hjá félagasamtökum, meðal aðila vinnumarkaðarins, nefndum og ráðum á vegum ríkisins, utanríkisþjónustu, bankaráðum, dómskerfi og trúarlífi (Félags- og tryggingamálaráðu-

neytið, 2009). Af þessu er ljóst að afrakstur kvenna af menntun sinni og mannauði er ekki í samræmi við afrakstur karla og lýsa skýrsluhöfundar WEF sérstökum áhyggjum af þessu (Hausmann o.fl., 2010). Þá hefur menntun ekki skilað konum pólitískum völdum á við karla. Árið 1983 þegar hlutur kvenna á Alþingi var 5%, voru kynjahlutföll á sérskóla- og háskólastigi nánast jöfn og 70% kvenna á vinnumarkaði (Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, 2009). Það er ljóst að hin mikla réttarbót kvenna frá 1911, með aðgengi að námi, styrkjum og embættum, hefur runnið um farveg sem ekki hefur nýst þeim til jafns við karla.

Mæðra- og húsmæðrahyggjan sem ruddi sér til rúms á þriðja og fjórða áratug 20. aldar varð ráðandi hugmyndafræði um samfélagslegt hlutverk kvenna um áratugaskeið, eins og fyrr segir (Sigríður Matthíasdóttir, 2004). Þótt hún hafi misst flugið sem ráðandi hugmyndafræði upp úr 1970 með nýju kvannahreyfingunni og aukinni atvinnuþátttöku kvenna, lifir hugmyndaarfurinn. Enn hefur atvinnuþátttaka kynbundin formerki. Á vinnumarkaði uppskera karlar meira en konur í launum, óháð menntun, og hefðbundin kvennastörf eru lægra metin en sambærileg karlastörf (Þorgerður Einarsdóttir og Kristjana Stella Blöndal, 2004). Konur á Íslandi eiga mörg börn í alþjóðlegum samanburði og þær hafa samræmt atvinnulíf og móðurhlutverk í meira mæli en konur í mörgum öðrum löndum. Þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku kvenna er enn litið á karla sem fyrirvinnur og alvöru starfsmenn og konur sem hálfdrættinga. Karlar eru ofar í stigveldinu en konur, óháð menntun, og störf þeirra bjóða upp á meiri sveigjanleika. Konur bera meginábyrgð á heimilisstörfum og umönnun barna og eru frekar í störfum sem bjóða upp á minni sveigjanleika og sjálfræði en störf karla (Gyða Margrét Pétursdóttir, 2009).

Þótt konum í stjórnendastöðum og í framastörfum hafi fjölgað undanfarna áratugi sýna rannsóknir á því sviði fram á ákveðnar þversagnir. Rannsóknir Guðnýjar Guðbjörnsdóttur á stjórnendum benda til þess að konur þurfi að vinna meira eða vera betri en karlar til að uppskera sömu viðurkenningu og karlar, en verði samt aldrei „ein af strákunum“. Staðalmyndir gera ráð fyrir því að konur komi ekki fram af sama „myndugleik“ og karlar, en ef þær gera það missa þær trúverðugleika sem kvenstjórnendur. Guðný telur að vegna reynsluleysis eða skorts á fyrirmyndum reyni ungar konur oft að líkjast karlstjórnendum í fasi, viðmóti og klæðaburði. Við það eigi þær hins vegar á hættu að tapa sérstöðu sinni sem leiðtogar (Guðný Guðbjörnsdóttir, 2001: 33-35). Ljóst er að gerendahæfni kvenna á þessu sviði byggist ekki á sömu forsendum og gerendahæfni karla.

Óhætt er að fullyrða að samfélagslegt framlag og þátttaka kvenna hafi aukist en völd og áhrif séu ekki í fullu samræmi við það. Þegnréttur kvenna er ekki spegilmynd af þegnrétti karla. Þær eru ekki *útilokaðar* frá samfélagslegri þátttöku en þær eru *meðteknar* á öðrum forsendum en karlar. Samfélagslegt hlutverk þeirra og þegnréttur taka mið af fjölskylduábyrgð og móðurhlutverki, og á það við í dag eins og fyrir 100 árum síðan. Hin hugmyndafræðilega umgjörð er þó gjörólík. Þar sem þegnréttur kvenna tók mið af húsmóðurhugmyndafræðinni hér áður fyrr liggur ímyndin um hinn frjálsa einstakling til grundvallar í dag. Konur taka á sig stóran hluta umönnunar barna og fjölskylduábyrgðar en þá ábyrgð axla konur þó æ sjaldnar með tilvísun í meðfæddan kynjamun eða skyldur sínar sem mæðra heldur með tilvísun í að það sé frjálst val þeirra (Bryndís Erna Jóhannsdóttir, 2010; Gyða Margrét Pétursdóttir, 2009). Hefðbundin kynjatengsl eru með öðrum orðum réttlætt með nýjum rökum.

Á sama tíma hefur ný kvenímynd stigið fram á sjónarsviðið. Eldri táknmyndir kvenímynda um móður- og húsmóðurhlutverkið kölluðust gjarnan á við fyrirvinnuna sem tákn-

mynd karlmennskunnar. Nú eru kynímyndir orðnar ýktari og ágengari. Ein af tákmyndum kvenímyndarinnar í dag er kynferðislega ögrandi og aðgengileg kona (Þorgerður Einarsdóttir, 2006). Í dægurmenningu og auglýsingum hafa verið settar í öndvegi ungar konur sem meðvitað gera út á kynverund sína og meint kynferðislegt vald. Þær kvenímyndir eru settar í lokkandi búning frelsis og valdeflingar. Gamlar hugmyndir um kynbundin valdatengsl mara þó í hálfu kafi. Hið meinta vald kvenna er skilyrt; það er háð körlum og samþykki þeirra. Þessar kvenímyndir eru réttlættar með hugmyndafræði póstfemínisma sem tengir sig við orðræðu femínisma, en byggist á þeim forsendum að jafnrétti sé náð og femínisminn sé úreltur. Klámvæðing, hlutgerving og undirskipun er nú klætt í búning valdeflingar (Katrín Anna Guðmundsdóttir, 2010; Gill, 2009; McRobbie, 2009).

Frjálshyggjusjónarmið og einstaklingshyggja hafa sett umtalsvert mark á hugmyndir samtímans um kynjatengsl. Það er tímanna tákni að hugmyndir um frelsi og sjálfsforræði (e. *personal autonomy*) eiga mikið upp á pallborðið. Þau sjónarmið hafa verið sterk að jafnrétti sé nú náð og konur hafi nú *raunverulega* möguleika á að haga lífi sínu á þann veg sem þær kjósa. Þannig sé sjálfsforræði kvenna ekki heft af þvingandi ramma af neinu tagi og kynjamunur, t.d. á vinnumarkaði, sé ekki sprottinn af mismunun heldur stafi einfaldlega af því að konur hafi aðrar óskir og langanir en karlar og séu síður tilbúnar til að fórna fjölskyldulífi fyrir atvinnuframa (Hakim, 2007). Hér höfum við hugmyndafræðilega réttlætingu fyrir tákmyndina um hina frjálsu konu sem tekst á hendur hlutverk af fúsum og frjálsum vilja, hvort sem það er hefðbundið móðurhlutverk eða sem merkisberi hins klámvædda kynþokka.

Þessir hugmyndastraumar eru nátengdir hugmyndum um póstfemínisma sem fjallað var um hér að framan og hefur mörg einkenni frjálshyggju. Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir (2008) hafa sýnt fram á að viðhorf unglunga í dag eru marktækt neikvæðari til jafnréttismála en viðhorf jafnaldra þeirra voru fyrir einum og hálfum áratug. Athyglisvert er að unglingarnir réttlæta hefðbundnar hugmyndir sínar um kynhlutverk með eðlishyggju og nýfrjálshyggjuhugmyndum, en slík sjónarmið hafa unnið á, sérstaklega meðal stráka (Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir, 2008). Vert er að huga að því að hugmyndir samtímans um frelsi byggjast á djúpstæðari hugmyndum um val, valfrelsi og raunverulega valkosti. Sjálfsforræði þýðir að hugsanir og athafnir okkar séu okkar eigin og ekki orsakaðar af ytri þáttum (Þorgerður Einarsdóttir, 2010). Frelsi og val eru flókin ferli og valkostirnir eru ávallt skilyrtir; frelsi og val byggjast á kerfislægum aðstæðum þar sem sumir valkostir eru aðgengilegri og raunhæfari en aðrir (Hirschmann, 2006).

Nýfrjálshyggjan, hrúnið og kynjajafnréttið

Stökk Íslands í fyrsta sæti í mælingu WEF árin 2009 og 2010, úr fjórða sæti árið 2008, er athyglisvert. Þetta gerist eftir mesta efnahagsáfallið í sögu landsins og tengist hrúninu á áhugaverðan hátt. Aðdragandi hrunsins er vel þekktur. Markaðshyggja fékk byr undir báða vængi í okkar heimshluta upp úr 1980 og upphófst hér á Íslandi fyrir alvöru með EES-samningnum og auknu viðskiptafrelsi á 10. áratugnum. Markaðurinn var hafinn í æðra veldi og Ísland var, að mati fræðimanna, tilraunastofa í róttækri frjálshyggju (Stefán Ólafsson, 2008, Stieglitz, 2003). Nýfrjálshyggjan byggðist á einkavæðingu ríkisfyrirtækja, svo sem banka og fjármálastofnana; og auðlinda, svo sem fiskistofna og orkulinda; regluslökun og

minnkandi eftirliti, og niðurskurði velferðarkerfa (Atli Harðarson, 2001; Mikael Karlsson, 2008; Stefán Ólafsson, 2008). Nú eru Íslendingar óðum að gera upp við þessa tilraun, einnig frá kynjafræðilegu sjónarmiði (Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2010).

Hugmyndafræði nýfrjálshyggju var ein forsenda útrásarinnar. Mannskilningur nýfrjálshyggjunnar og hugmyndir um einstaklinginn skipta miklu máli en á grundvelli þeirra hefur mannfólkinu verið eignað skynsemi og vit. Í sögulegu samhengi hefur hin viti borna skynsemisvera haft hinn hvíta karlmann sem viðmið (Scott, 1996). Þetta sést vel í íslensku útrásinni. Rannsóknarnefnd Alþingis rekur hrúnið til einkavæðingar bankanna, hagstjórnarmistaka og áhættusækni íslenskra banka- og viðskiptamanna. Í skýrslu nefndarinnar er sýnt fram á að útrásarvíkingarnir hafi verið einsleitir hópur karla af yngri kynslóðinni (Rannsóknarnefnd Alþingis 2010, 8. bindi: 41, 287-288). Þetta var birtingarform á hnattrænu fyrirbæri en á tímum alþjóðavæðingar og viðskiptafrelsis hefur stjórnendum stórfyrirtækja verið lýst sem merkisberum ráðandi karlmennskuhugmynda (Collins og Hearn, 1996). „Útrásarkarlmennskan“ nærðist á sjálfstrausti karla sem sveipuðu um sig orðræðu peninga og valda (Connell og Wood, 2005) og fyrirtækjamening nýfrjálshyggju hvíldi á óorðuðum karlmennskuhugmyndum um djörfung, áhættu, ágengni og hugvit (Elias, 2008).

Æðstu ráðamenn landsins færðu þessa hugmyndafræði í þjóðernislegan búning. Ímyndarskýrsla forsætisráðherra, *Ímynd Íslands* (2008), er eitt dæmi um þetta, en Sagnfræðingafélagið setti fram gagnrýni á þá söguskoðun er þar birtist (Ímynd Íslands – bréf til forsætisráðherra, 2008). Forseti Íslands lagði einnig sitt af mörkum. Erindi sem hann hélt hjá Sagnfræðingafélaginu árið 2006 sýnir hugmyndafræðina í hnotskurn (Ólafur Ragnar Grímsson, 2006). Að mati rannsóknarnefndar Alþingis hélt hann á lofti „gagnrýnislausri lofgjörð um yfirburði íslenskra athafnamanna eða „athafnaskálda““ (Rannsóknarnefnd Alþingis 2010, bindi 8: 171). Á vissan hátt fól markaðshyggjan í sér að hugmyndalegt forræði stjórn mála og stjórn málamanna laut í lægra haldi fyrir viðskiptalífínu (Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2010).

Einn af þeim þáttum sem átti þátt í hrúninu er kerfi sem ýtti undir og umbunaði áhættusækni. Sálfræðilegar rannsóknir sýna að karlar hafa ofurtrú á sjálfum sér oftast en konur, og það á ekki síst við í fjármálaheiminum (Barber og Odean, 2001). Ennfremur hefur verið sýnt fram á að kvenstjórnendur taka minni áhættu og fjárfestingar þeirra eru áhættuminni en fjárfestingar karla (Katrín Ólafsdóttir, 2010). Hvata- og bónuskerfi íslensku bankanna ýttu undir áhættuhegðun. Launadreifing í íslensku bönkunum fyrir hrún sýnir að fámennur hópur karla meðal æðstu stjórnenda fékk margfalt meira í sinn hlut en aðrir og munurinn jókst eftir því sem nær leið hrúni. Bónusgreiðslur til starfsmanna bankanna voru ekki tengdar rekstrarárangri með kerfisbundnum hætti heldur voru að stórum hluta byggðar á huglægu mati æðstu stjórnenda (Rannsóknarnefnd Alþingis 2010, bindi 3: 86).

Það er þekkt mynstur erlendis frá að hætta er á bakslagi í kynjatengslum á kreppu-tímum (Borland og Sutton, 2007; Katrín Ólafsdóttir, 2010). Fyrstu einkenni kreppuáhrifa eru iðulega aukið atvinnuleysi meðal karla. Það átti einnig við hér á landi þar sem fjármálageirinn og byggingargeirinn sem fyrst hrundu voru vinnumarkaðir karla (Vinnumálastofnun, 2010). Árið 2009 var atvinnuleysi karla 8,6% samanborið við 5,7% hjá konum en atvinnuleysi hafði verið 3% eða lægra hjá báðum kynjum síðustu fimm árin þar á undan (Hagstofa Íslands, 2010). Skýrslu WEF þarf að skoða í þessu ljósi. Reynsla annarra landa sýnir að atvinnuleysi kvenna kemur síðar og verður meira. Það helgast ekki síst af niðurskurði í opinbera geiranum

en konur eru stærsti hópur opinberra starfsmanna. Vextir hækka, tekjur hins opinbera lækka og skuldaaukning eykst sem iðulega kallar á stórfelldan niðurskurð í velferð og þjónustu (Katrín Ólafsdóttir, 2010). Minnkandi velferð og opinber þjónusta bitnar svo aftur verr á konum en körlum sem bera meginþunga fjölskylduábyrgðar (sjá t.d. Bryndisi Jóhannsdóttur, 2010). Skerðingar á fæðingarorlofi tóku gildi vorið 2010 (Fæðingarorlofssjóður, 2009). Hætt er við að þær ýti undir hefðbundna verkaskiptingu og í ágúst 2010 voru komnar fram vísbendingar um að körlum sem taka fæðingarorlof fækki umtalsvert milli ára (Anna Sigríður Einarisdóttir og Bergþóra Njála Guðmundsdóttir, 2010).

Eins og fram kom hér að framan er kynjabil í stjórnámálum minnst á Íslandi í skýrslu WEF. Það voru einmitt stjórnálin sem komu Íslandi í fyrsta sæti árið 2009. Það skýrist af auknum fjölda kvenna á Alþingi og í ríkisstjórn árið 2009 þegar konum fjölgaði á þingi í 43% en höfðu verið 32% eftir kosningarnar 2007. Í minnihlutaríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna, sem tók við völdum á Íslandi í febrúar 2009, voru konur helmingur ráðherra. Það er þekkt tilhneiging að vinstri flokkar styðja kynjajafnrétti í meira mæli en aðrir flokkar og eru tilbúnari að rýma til fyrir konum. Styrkleiki þeirra á þjóðþingum hefur því bein áhrif á kynjahlutföll (Kenworthy og Malamy, 1999). Að sama skapi fjölgar kvenráðherrum þegar vinstri flokkar og miðjuflokkar eru við stjórn (Mateo Diaz, 2005; Stevens, 2007). Í sögulegu samhengi sést þetta vel á Íslandi. Fæð kvenna í stjórnámálum á síðustu áratugum tengist sterkri stöðu Sjálfstæðisflokksins, enda þótt flokkurinn hafi verið á undan mörgum öðrum flokkum að kjósa konur á þing. Hrunið og fylgistap Sjálfstæðisflokksins í kjölfarið eiga því beint og óbeint þátt í að veita konum brautargengi í íslenskum stjórnámálum (Þorgerður Einarisdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir, 2009). Í sveitarstjórnarkosningunum vorið 2010 jókst hlutur kvenna um fjögur prósentustig frá kosningunum 2006, eða úr 36% í 40% (Úrslit sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010). Breytingin var skref fram á við þótt hún hafi ekki verið eins mikil og í alþingiskosningunum árið áður.

Þrátt fyrir sterkari pólitíska stöðu kvenna eru ýmis önnur kynjatengsl í svipuðum farvegi og fyrr. Einungis tvær konur voru skipaðar í skilanefndir bankanna eftir hrun, eða um 13%, en sú nefndaskipan var tilefni þeirra mótmæla Kvenréttindafélagsins sem fjallað var um hér í upphafi. Karlar eru áfram í forystu í efnahagslífinu og við stjórnun bankanna. Vísbendingar eru um að konum í stjórnnum fyrirtækja hafi fækkað eftir hrun (Lilja Mósesdóttir, 2009). Frá maí 2009 til maí 2010 hafði fyrirtækjum á almennum vinnumarkaði með kynjablandaðar stjórnir fækkað úr 15% í 14% (Hlutdeild kvenna í atvinnulífinu, 2010). Konur voru 23% stjórnarmanna og stjórnarformanna í fyrirtækjum árið 2009 og 19% framkvæmdastjóra, og hafði þetta ekkert breyst frá því árið áður (Tillaga til þingsályktunar 2010). Rannsóknir benda til þess að fyrirtæki sem hafa stjórnarfolk af báðum kynjum sýni betri arðsemi en þau félög sem hafa einsleitir stjórnir (Margrét Sæmundsdóttir, 2009; Smith o.fl., 2005).

Kynjaskekkjan í fjölmiðlum virðist á svipuðum slóðum og fyrr. Í rannsókn Önnu Lilju Þórisdóttur fyrir kosningarnar 2009 kom í ljós að karlar í framboði fengu talsvert meiri umfjöllun í dagblöðum en konur og voru nær einráðir sem álitsgjafar í aðdraganda kosninganna. Þó voru konur í framboði jafn virkar og karlar við greinaskrif í dagblöðum. Niðurstöðurnar staðfesta fyrri rannsóknir og sýna að þegar hlutur kvenna er orðinn um 25-30% viðist ákveðnum þolmörkum vera náð (Anna Lilja Þórisdóttir, 2010).

Breytt kynjahlutföll á þingi og í sveitarstjórnnum er tvímælalaust vísbending um

sterkari þegnrétt kvenna; hinn pólitíski réttur kvenna er virkari en fyrr. Þetta breytta landslag átti einnig sinn þátt í að Alþingi lögfesti þau þrjú frumvörp sem getið var um hér í upphafi, þ.e. bann við vændiskaupum, kynjakvóta í fyrirtækjum og bann við nektardansi. Þessi laga-setning er táknað og merkingarbær og endurspeglar á áhugaverðan hátt undirliggjandi rof í hugmyndunum um þegnrétt kvenna í samtíma okkar. Bann við vændiskaupum og nektardansi eru viðbrögð ríkisins, eftir áralanga baráttu kvennahreyfinga, til að sporna við klámvæðingu. Vændi og nektardans eru fyrirbæri sem klædd hafa verið í búning valfrelsis kvenna og gerendahæfni. Sú framsetning horfir fram hjá aðstöðumun og valdatengslum, milli ríkra og fátækra landa, milli karla og kvenna, og milli hópa kvenna eftir stéttarstöðu. Eftir laga-setninguna eru þessi valdatengsl ekki lengur óvæfng, réttmæti þeirra hefur verið dregið í efa.

Þessar lagabreytingar eru tvímælalaust merki um vilja samfélagsins til að breyta umgjörðinni fyrir þátttöku kvenna í samfélaginu og áhrifum þeirra. Lögin um kynjakvóta skipta þannig ekki eingöngu máli fyrir þær konur sem eiga í hlut, þ.e. þær sem hugsanlega taka sæti í stjórnnum fyrirtækja. Þau eru merkingarbær í víðara samhengi því þau endurspeglar ákveðið hugmynda-rof þegar þegnréttur kvenna er annars vegar. Þau eru skilaboð um að jaðarsetning kvenna frá stjórnun atvinnulífsins sé álitin óviðunandi. Á þann hátt styrkja lögin um kynjakvóta hugmyndir um þegnrétt kvenna til lengri tíma og þau skýra sjónarmið löggjafans um á hvaða forsendum konur skuli vera með og með hvaða formerkjum hlutdeild þeirra og þátttaka í samfélaginu skuli vera.

Það getur hins vegar haft áhrif á kynjatengslin að fjarað hefur undan valdi stjórn-málanna yfir markaðnum. Hér í upphafi var nefnt að nýfrjálshyggja síðustu ára og áratuga hafi fært hugmyndalegt forræði frá stjórn-málum og stjórn-málamönnum til viðskiptalífsins og viðskiptamanna. Einn tilgangur einkavæðingar er m.a. að draga úr völdum stjórn-málamanna í fyrirtækjum og atvinnulífinu. Reglulökun og minnkandi eftirlit eru merki um það. Í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis er vikið að því að hagsmunasamtök viðskiptalífsins hafi haft áhrif á þá lagalegu umgjörð sem fjármála-fyrirtækjum var búin (Rannsóknarnefnd Alþingis 2010, 8. bindi: 153). Vert er að hugleiða aukinn hlut kvenna í stjórn-málum og aukið áhrifa-vald þar í ljósi þessarar þróunar.

Samantekt og lokaorð

Markmið þessarar greinar er að varpa ljósi á þegnrétt kvenna og þær menningarlegu hugmyndir sem liggja honum til grundvallar. Sjónum hefur verið beint frá hugmyndum um *útilokun* kvenna og í átt að hugmyndum um hvernig, og á hvaða forsendum, konur eru taldar með og *meðteknar* í samfélaginu. Fjallað er um hlutdeild kvenna og samfélagslega þátttöku í samtíma okkar með hliðsjón af árunum í kringum fyrri heimsstyrjöldina. Margt er líkt þegar þegnréttur kvenna á þessum tveimur tímabilum er skoðaður, en margt er einnig ólíkt. Í greininni er leitast við að draga fram hliðstæður og samfellu en einnig hugmynda-rof og uppbrot. Rýnt er í samfélagslegar aðstæður og töluleg gögn, umræður og orðræðu.

Upphafsreitir umfjöllunarinnar er tvenns konar hliðstæður þessara tveggja tímabila. Annars vegar þrengingar eða kreppuástand og hins vegar staða kvenna, sem talin var með því besta sem gerist í heiminum út frá tilteknum sjónarmiðum. Út frá þessum forsendum er fjallað um stöðu kvenna og vilja þeirra til þátttöku sem birtist í mótmælum Kvenréttindafélagsins við jaðarsetningu kvenna í nefndum og ráðum á árunum 1917 og 2008.

Árið 1917 töldu íslenskar konur að lagalegur réttur kvenna á Íslandi væri með því besta sem gerðist í víðri veröld. Þær höfðu ýmislegt til síns máls. Lagaleg réttindi kvenna til náms, embætta og pólitískrar þátttöku voru með þeim bestu sem þekktust. Þetta leiddi þó ekki sjálfkrafa til hlutdeildar, áhrifa og valda. Konum var ekki meinuð samfélagsleg þátttaka en þátttaka þeirra var skilyrt. Hlutdeild þeirra tók mið af menningarlegum hugmyndum um hlutverk kvenna sem mæðra og húsmæðra. Það skapaði lífi þeirra umgjörð ekki síður en hið opinbera regluverk og kerfislægir þættir eins og fyrirkomulag velferðarmála og fleira. Hvorki stjórnáráttindin né heldur réttindi kvenna til náms og atvinnu nýttust þeim sem skyldi, því menningarbundnar hugmyndir um hlutverk kvenna toguðu í aðra átt.

Í greininni eru færð rök fyrir því að þegnuréttur kvenna hafi hvílt á forsendum húsmóðurhugmyndafræðinnar sem að hluta til vann gegn yfirlýstum markmiðum hinna nýfengnu réttinda. Sú hugmyndafræði skapaði viðmið og orðræðu sem beindi virkni kvenna og gerendahæfni í tiltekinn farveg. Konur höfðu formlegan rétt til þátttöku en væntingar um hlutverk þeirra takmörkuðu möguleikana til að nýta hann. Stór hópur kvenna var á vinnumarkaði, einkum fátækar konur. Samfélagið naut því vinnukrafta þeirra en gerði að öðru leyti ekki ráð fyrir þeim, þörfum þeirra né börnum þeirra. Þetta sýnir að þegnuréttarhugtakið er kynbundið og stéttbundið. Skipan dýrtíðarnefndanna 1917, mótmæli kvennanna og eftirmáli þeirra, voru hér notuð til að afhjúpa undirliggjandi hugmyndir um þegnurétt kvenna.

Hrunið 2008 og kreppan sem fylgdi í kjölfarið átti sér stað við annars konar aðstæður. Ísland er auðugt velferðarríki í upphafi 21. aldar samkvæmt alþjóðlegum viðmiðum. Staða kvenna er með því besta sem þekktist og árin 2009 og 2010 er kynjabilið minnst á Íslandi af löndum heims í mælingu WEF. Konur eru þátttakendur á vinnumarkaði nánast til jafns við karla, menntun þeirra er orðin jafn mikil eða meiri, en völd þeirra og áhrif eru ekki í samræmi við það. Vilji þeirra til þátttöku er til staðar sem fyrr, eins og mótmæli Kvenréttindafélagsins árið 2008 sýna. Umfjöllunin sýnir margvíslegar þversagnir í kynjatengslum samtímans. Enn hefur þegnuréttur kynbundin formerki, konur og karlar búa við ólíkan þegnurétt á báðum þeim tímasteiðum sem fjallað er um, þó með mismunandi hætti. Hrunið gefur tækifæri til að skoða kynjatengsl í nýju ljósi rétt eins og ástandið 1917. Ein af þeim þversögnum sem hér hafa verið skoðaðar er að kynjabilið, eins og það er mælt af WEF, hafi minnkað á Íslandi eftir kreppuna. Í greininni er leitast við að svara þeim spurningum um kyngervi og þegnurétt sem þetta vekur.

Í samtíma okkar hefur húsmóðurhugmyndafræðin verið leyst af hólmi af hugmyndinni um að konur hafi frjálst val um hlutverk sín í lífinu. Í dag eru það ekki hugmyndir um eðlislægt móður- og húsmóðurhlutverk sem ramma inn hlutdeild kvenna, gerendahæfni og þátttöku heldur hugmyndin um óheft frelsi. Það þýðir að konur eru taldar hafa frelsi til að velja sér hlutverk. Þær hafa formlegt frelsi til að velja hvort heldur er hefðbundið húsmóðurhlutverk eða hlutverk hinnar kynferðislega ögrandi og aðgengilegu nútímakonu. Formlega hafa þær frelsi til að velja frama í viðskiptum og stjórnámálum. Hugmyndin um frelsið horfir hins vegar fram hjá kerfislægum en ósýnilegum hindrunum, þeim menningarbundnu hugmyndum sem veita möguleikum og tækifærum í tiltekinn farveg. Ríkjandi kynjamynstur sýna í reynd að hinar ýmsu leiðir eru misjafnlega greiðfærar.

Í greininni eru færð rök fyrir því að minnkandi kynjabil í mælingu WEF eigi sér að hluta til skýringar í hruninu og tengist undirliggjandi hugmyndum um þegnurétt og kyngervi. Staða karla versnar gjarnan í upphafi kreppuástands, en staða kvenna versnar þegar líða tekur á. Sterkari staða kvenna í *stjórnámálum* er í reynd það sem kom Íslandi í fyrsta sæti í mælingu

WEF árið 2009. Það tengist einnig hruninu og sterkari stöðu kvenna innan félagshyggjuflokka. Þessar breytingar á hinu pólitíska landslagi skýra síðan að vissu marki viljann til róttækra aðgerða í málefnum kvenna. Þær breytingar sýna aukin áhrif kvenna og sjónarmiða þeirra. Þær geta markað upphaf að nýjum hugsanagangi en eru engan veginn endastöð. Samfélagsleg hlutdeild kvenna, þátttaka þeirra og gerendahæfni er þversagnakennd og skilyrt. Þessir þættir renna um farvegi sem samfélagið hefur skilgreint fyrir þegnrétt kvenna. Farvegirnir eru menningarlega mótaðir og því mótanlegir. Sú endurbygging íslensks samfélags sem nú stendur yfir skapar möguleika til að víkka út og breikka þær hugmyndalegu forsendur sem þegnréttur kvenna og karla byggist á. Hrunið hefur ekki bara skapað kreppu heldur einnig hugmyndalegt rof sem felur í sér tækifæri.

Tilvísanir

1. Verkefnaskrá ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs 1. febrúar 2009.
2. Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, maí 2009.
3. Bríet skrifaði sjálf mest allt í *Kvennablaðið* (sjá Sigríði Th. Erlendsdóttur, 1993: 49) og Inga Lára skrifaði mest allt í *19. júní* (sjá Sigríði Matthíasdóttur, 2004: 243) en þær undirrita pistla sína sjaldan. Þær eru hér titlaðar höfundar að nafnlausu efni í þessum blöðum en nöfn þeirra höfð í hornklofa.
4. Hugmyndin að sögulegum samanburði við 1917 er fengin frá Sigprúði Gunnarsdóttur, nemenda í kynjafræði veturinn 2008-2009.

Heimildir

- Anna Sigríður Einarsdóttir og Bergþóra Njála Guðmundsdóttir (2010). Færri karlar taka fæðingarorlof eftir hrun. *Morgunblaðið*, 23. ágúst, bls. 1.
- Anna Lilja Þórisdóttir (2010). *Dáðleysi kvenna. Eða er öðru um að kenna? Stjórnmalakonur í fjölmiðlum fyrir Alþingiskosningarnar 2009*. Óbirt MA-ritgerð. Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.
- Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir (2009). Endurreisn samfélagsins krefst jafnréttis kynja. *Morgunblaðið*, 8. mars, bls. 36.
- Atli Harðarson (2001). Hvað á John Stuart Mill sameiginlegt með nýfrjálshyggju? *Vísindavefurinn* 8/6 2001, sótt 8. ágúst 2009 af <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=1687>
- Barber, M. Brad og Odean, Terrance. (2001). Boys will be boys: Gender overconfidence, and common stock investment. Í *The Quarterly Journal of Economics*, 116. árg. Nr. 1, bls. 261-292.
- Bergquist, Christina, Kuusipalo, Jana og Styrkársdóttir, Auður (1999). Debatten om barnomsorgspolitiken. Í Bergquist, C. o.fl. (ritstj.) *Likestilte demokratier? Kjønn og politik i Norden* (bls. 129-147). Oslo, Universitetsforlaget & The Nordic Council of Ministers.
- Borland, Elizabeth og Sutton, Barbara (2007). Quotidian disruption and women's activism in times of crisis, Argentina 2002-2003. Í *Gender & Society*. 21. árg., nr. 5, október 2007, bls. 700-722.
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1905). Samvinna II. *Kvennablaðið*. 28. febrúar 1905, 11. árg., nr. 2, bls. 9-11.
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1911). Nýir tímar. *Kvennablaðið*. 31. maí 1911, 17. árg., nr. 4, bls. 25-26.

- Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1913). Bæjarstjórnarkosningarnar. *Kvennablaðið*. 22. desember 1913, 19. árg., nr. 12, bls. 89-91.
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1915). Nýtt kvenfélag. *Kvennablaðið*. 26. janúar 1915, 21. árg., nr. 1, bls. 2-3.
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1917a). Sparsemi. *Kvennablaðið*. 21. mars 1917, 23. árg., nr. 3, bls. 21-22.
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1917b). Eldsneytisvandráðin. *Kvennablaðið*. 30. mars 1917, 23. árg., nr. 5, bls. 33-34.
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1917c). Kvennafundurinn. *Kvennablaðið*. 15. júlí 1917, 23. árg. Nr. 6, bls. 41.
- Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1917d). Dýrtíðarráðstafanir stjórnvaldanna. *Kvennablaðið*. 30. ágúst 1917, 23. árg., nr. 8, bls. 57-59.
- Bryndís Erna Jóhannsdóttir (2010). *Kynleg kreppa – Jafnréttismál á umbrotatímum; tækifæri til framfara eða líkur á bakslagi?* Óbirt MA-ritgerð. Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands.
- Collinson, David L. og Hearn, Jeff (1996). *Men as managers, managers as men: Critical Perspectives on Men, Masculinities and Managements*. London: Sage.
- Connell, Robert, W. & Wood, Julian (2005). Globalization and Business Masculinities. Í *Men and Masculinities*, 7, nr. 4, apríl 2005, bls. 347-364.
- Elias, Juanita (2008). Hegemonic Masculinities, the Multinational Corporation, and the Developmental State Constructing Gender in “Progressive” Firms. Í *Men and Masculinities*, 10. árg., nr. 4, bls. 405-421.
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið (2009). *Jafnréttisþing. Skýrsla félags- og tryggingamálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála. Jafnrétti kynjanna í tölum*. Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Janúar 2009. Sótt 2. september 2010 af slóðinni http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/Jafnrettisthing09/Jafnrth2009_net.pdf
- Fundargerð bæjarstjórnar Reykjavíkur (1917, 16. ágúst). Sótt 2. september af slóðinni http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/borgarskjalasafn/BSR_Malasafn_Bstj_Sparnadarnefnd_kvenna_1917_0.75.2.pdf
- Fæðingarorlofssjóður (2009). Upphæðir fæðingarorlofs og fæðingarstyrks. Sótt 9. febrúar 2010 af slóðinni <http://www.faedingarorlof.is/upphaedir-faedingarorlofs-og-faedingarstyrks/>
- Gill, Rosalind. (2009). Beyond the 'Sexualization of Culture' Thesis: An Intersectional Analysis of 'Sixpacks', 'Midriff's' and 'Hot Lesbians' in Advertising. Í *Sexualities*, 12. árg., nr. 2, bls. 137-160. Sótt 23. júní 2009 af <http://sexualities.sagepub.com/cgi/content/abstract/12/2/137>
- Guðjón Friðriksson (1994). *Saga Reykjavíkur Bærinn vaknar. 1870-1940, Síðari hluti*. Reykjavík: Iðunn.
- Guðmundur Jónsson (2009). Kreppur og kapítalismi. *Ritið, Tímarit Hugvísindastofnunar*, nr. 2-3, bls. 35-56.
- Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon (1997). *Hagskinna: Sögulegar tölur um Ísland*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Guðný Guðbjörnsdóttir (2001). Orðræður um árangur, skilvirkni og kyngervi við stjórnun menntastofnana. Í *Uppeldi og menntun*, 10. árg., bls. 9-43.

- Guðný Gústafsdóttir (2009). *Vaðmál og netsokkar. Kyngervi kvenna í hnattvæddum heimi*. Óbirt MA-ritgerð. Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.
- Gunnar Helgi Kristinsson (1993). Valdakerfið fram til viðreisnar 1900 – 1959. Í Guðmundur Hálfðánarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.) *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990* (bls. 321-354). Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Gyða Margrét Pétursdóttir (2009). *Within the Aura of Gender Equality: Icelandic Work Cultures, Gender Relations and Family Responsibility: A Holistic Approach*. Reykjavík: University of Iceland.
- Hagstofa Íslands (2004). *Konur og karlar 2004*. Sótt 2. maí af slóðinni <http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=909>
- Hagstofa Íslands (2009). *Landshagir 2009*. Sótt 2. maí af slóðinni <http://www.hagstofa.is/pages/2420>
- Hagstofa Íslands (2010). *Landshagir 2010*. Sótt 24. október af slóðinni <http://www.hagstofa.is/pages/2530>
- Hakim, Catherine (2007). Dancing with the Devil? Essentialisms and other feminist heresies. Í *The British Journal of Sociology*. 58. árg., nr. 1, bls. 123-132
- Halsaa, Beatrice (2008). Draft report on design and methodology. FEMCIT, Working Paper No. 1, WP7. Femcit, Gendered Citizenship in Multicultural Europe: The Impact of Contemporary Women's Movements. Sótt 2. maí 2010 af slóðinni http://femcit.org/files/WP7_WorkingpaperNo1.pdf
- Halsaa, Beatrice (2009). The "impact" of women's movements and the "architecture" of gender-fair citizenship - conceptual discussion within FEMCIT. Working Paper No. 3, WP7. Sótt 2. maí 2010 af slóðinni http://femcit.org/files/WP7_WorkingpaperNo3.pdf
- Hausmann, Ricardo o.fl. (2009). *The global gender gap 2009*. World Economic Forum. Sótt 2. maí 2010 af slóðinni <http://www.weforum.org/pdf/gendergap/report2009.pdf>
- Helga Kristín Benediktsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir (2009). Women's activism and the welfare state: Social citizenship claims and the development of childcare policy in Canada and Iceland in comparative perspective. Í Halldór Sig. Guðmundsson og Silja Bára Ómarsdóttir (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum X*. (bls. 293-305). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hirschmann, Nancy (2006). Symposium on Nancy J. Hirschmann's *The Subject of Liberty: Toward a Feminist Theory of Freedom*. Introduction. Í *Hypatia*, 21, nr. 4, bls. 164-177.
- Hlutdeild kvenna í atvinnulífinu (2010). Reykjavík: Félag kvenna í atvinnurekstri, heimasíða. Sótt 27. ágúst 2010 af slóðinni <http://fka.is/?i=2&f=2&o=1022>
- Inga Lára Lárusdóttir (1917). „19. júní“. *19. júní*. Júlí 1917, 1. árg., 1. tbl., bls. 1.
- Inga Lára Lárusdóttir (1917). Starfskrá Íslands. *19. júní*. Júlí 1917, 1. árg., 5. tbl., bls. 38-40.
- Inga Lára Lárusdóttir (1917). Bezt að búa að sínu. *19. júní*. Ágúst 1917, 1. árg., 2. tbl., bls. 9-10.
- Ímynd Íslands. Styrkur, staða og stefna. Skýrsla nefndar (mars 2008).
- Ímynd Íslands. Bréf til forsætisráðherra (2008). Sagnfræðingafélag Íslands, heimasíða, 12. júní 2008. Sótt 2. september 2010 af slóðinni <http://www.sagnfraedingafelag.net/2008/06/12/11.34.26/>
- Katrín Anna Guðmundsdóttir (2010). *Ég lít ekki svo á að ég sé að breyta þjóðfélaginu. Um*

- auglýsingar, jafnrétti og markaðsstarf*. Óbirt MA-ritgerð. Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.
- Katrín Ólafsdóttir (2010). Atvinnuleysi kvenna gæti aukist á næstu árum. Í *Tímarit Háskólans í Reykjavík*, 1. tbl. 2. árg., bls. 25-27.
- Kenworthy, Lane, og Malami, Melissa (1999). Gender Inequality in Political Representation: A Worldwide Comparative Analysis. Í *Social Forces*, 78 árg., nr. 1, bls. 235-269.
- Kristín Ástgeirsdóttir (2002). Málsvari kvenna eða „besta sverð íhaldsins“? Ingibjörg H. Bjarnason og íslensk kvennahreyfing 1915-1930. MA-ritgerð, Háskóli Íslands.
- Kvenréttindafélag Íslands (2008). Ályktun frá stjórn KRFÍ vegna ástandsins á fjármálamörkuðum. Október 2008. Sótt 2. maí 2010 af slóðinni <http://www.krfi.is/krfi2/alyktanir/219-alyktun-fra-stjorn-krfi-vegna-astandsins-a-fjarmalamoerkueum.html>
- Lilja Mósesdóttir (2009). *Framsaga með breytingatillögu um hlutafélög og einkahlutafélög*. Sótt af vef Alþingis 2. maí 2010 <http://www.althingi.is/altext/raeda/138/rad20091216T120158.html>
- Lilja Mósesdóttir, Andrea G. Dofradóttir, Þorgerður Einarsdóttir, Kristjana Stella Blöndal, Einar Mar Þórðarson og Sigurbjörg Ásgeirsdóttir o.fl. (2006, febrúar). *Evaluating equal pay in the Nordic countries. Final report of the project 'På sporet av likelön - Evaluating Equal Pay - Mælistikur á launajafnrétti'*. Sótt 2. maí 2010 af slóðinni http://www.jafnretti.is/D10/Files/Isl_samantekt_april_05_2006.pdf
- Lister, Ruth (1997). *Citizenship. Feminist Perspectives*. Hampshire and London: Macmillan.
- Lög um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum, nr. 54/2009.*
- Lög nr. 13, 8. mars 2010 um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutaföll og starfandi stjórnarformenn), nr. 13/2010.*
- Lög um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutaföll og starfandi stjórnarformenn).*
- Lög nr. 18, 25. mars 2010 um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007.*
- McRobbie, Angela. (2009). *The Aftermath of Feminism: Gender, Culture and Social Change*. Los Angeles, London: SAGE.
- Magnús S. Magnússon (1993). Efnahagsþróun á Íslandi 1880-1990. Í Guðmundur Hálf-dánarson og Svanur Kristjánsson (ritstj.) *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880-1990* (bls. 112-214). Reykjavík: Félagsvísindastofnun og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Margrét Sæmundsdóttir (2009). Konur og stjórnarhættir fyrirtækja á Íslandi. Í *Bifröst Journal of Social Science*, 3. árg., bls. 5-26.
- Marshall, Tomas, H. (1950). *Citizenship and Social Class*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Mateo Diaz, Mercedes (2005). *Representing Women? Female Legislators in West European Parliaments*. Colchester: ECPR Press.
- Menntamálaráðuneytið (2002). *Konur í vísindum á Íslandi*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Mikael Karlsson (2008). Er frjálshyggja í anda John Stuart Mill? Í Róbert H. Haraldsson, Salvör Nordal og Vilhjálmur Árnason (ritstj.) *Hugsað með Mill* (bls. 87-101). Reykja-

Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Ólafur Ragnar Grímsson (2006). Útrásin: Uppruni – einkenni – framtíðarsýn. Fyrirlestur forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar, í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélagsins 10. janúar 2006. Sótt 8. ágúst 2009 af slóðinni <http://forseti.is/media/files/06.01.10.Sagnfrfel.pdf>
- Ólafur Páll Jónsson (2009). Kreppa, náttúra og sálarlíf. Í *Ritið*, nr. 2-3/2009, bls. 97-112.
- Rannsóknarnefnd Alþingis (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Bindi 8: Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008. Sótt 2. maí af slóðinni <http://rna.althingi.is/pdf/RNABindi8.pdf>
- Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, 8. maí 2009. Sótt 2. maí 2010 af slóðinni http://www.stjornarrad.is/media/Skjol/rikisstjorn_8mai09.pdf
- Scott, Joan, Wallace (1996). Gender: A Useful Category of Historical Analysis. Í Scott, J.W., (ritstj.) *Feminism & History* (bls. 152-180). Oxford, New York: Oxford University Press.
- Sigríður Th. Erlendsdóttir (1993). *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907-1992*. Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands.
- Sigríður Matthíasdóttir. (2004). *Hinn sanni Íslendingur – þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Siim, Birte (2000). *Gender and Citizenship. Politics and Agency in France, Briain and Denmark*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Smith, Nina, Smith, Valdemar og Verner, Mette (2005). Do women in top management affect firm performance? A panel study of 2500 Danish firms. Forschungsinstitut zur Zukunft der Arbeit discussion paper no. 1708. Sótt 27. ágúst 2010 af slóðinni <ftp://ftp.iza.org/dps/dp1708.pdf>
- Stefán Ólafsson (2008). Íslenska efnahagsundrið. Frá hagsæld til frjálshyggju og fjármálahruns. Í *Stjórnmal og stjórnsýsla. Vefámarit*, 2. tbl. 4. árg. Sótt 2. september 2010 af slóðinni <http://www.stjornmalogstjornsysla.is/images/stories/fg2008h/stefan08.pdf>
- Stiglitz, Joseph (2003). The Promise of Global Institutions. Í Held, D. og McGrew, A. (ritstj.) *The Global Transformations Reader. An Introduction to the Globalization Debate* (bls. 477-481). Cambridge: Polity Press.
- Stevens, Anne (2007). *Women, Power and Politics*. Hampshire og New York: Palgrave Macmillan.
- Styrkársoóttir, Auður (1998) *From Feminism to Class Politics. The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík, 1908–1922*. Umeå: Umeå University, Department of Political Science.
- Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára 2010-2014. Sótt 27. ágúst 2010 af slóðinni http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/frettir2010/Thingsalyktunartillaga_jafnrettismal_11062010.pdf
- Úrslit sveitarstjórnarkosningar 29. maí 2010. Staða kynja í sveitarstjórnnum – Samantekt (2010). Tekið saman af Jafnréttisstofu, júní 2010. Akureyri: Jafnréttistofa. Sótt 2. september 2010 af slóðinni www.jafnretti.is/D10/Files/

[sveitarstj_kosning_2010_tölur.pdf](#)

Verkefnaskrá ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna 2009 (1. febrúar 2009). Sótt 2. maí 2010 af slóðinni <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/frettir/>

[Verkefnaskra_rikisstjornar.pdf](#)

Vinnumálastofnun (2010). Atvinnuástandið árið 2009, 25. janúar 2010. Sótt 2. september 2010 af slóðinni http://www.vinnumalastofnun.is/files/Atvinnu%E1standi%F0%20%E1ri%F0%202009lok.docx_1762828063.pdf

Walby, Sylvia (1997). *Theorizing Patriarchy*. Oxford UK: Blackwell.

Þorgerður Einarsdóttir (2006). Kynjakerfið. Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli? Í Úlfar Hauksson (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum VII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006* (bls. 445-456). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Þorgerður Einarsdóttir (2010). Kynjamyndir og kyngervi nýfrjálshyggjunnar. Í Kolbeinn Stefánsson (ritstj.) *Eilífðarvélin. Uppgjör við nýfrjálshyggju* (195-217). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Þorgerður Einarsdóttir og Kristjana Stella Blöndal (2004). Kynbundinn launamunur. Umræðan um skýrðan og óútskýrðan launamun kynja í gagnrýnu ljósi. Í Irma Erlingsdóttir (ritstj.) *Fléttur II. Kynjafræði – Kortlagningar* (bls. 247-271). Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum og Háskólaútgáfan.

Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir (2005). Karlar í útrýmingarhættu? Um stöðu kvenna og karla í framhaldsskólum og háskólum. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstj.) *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 199-219). Reykjavík: Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands.

Þorgerður Einarsdóttir og Guðbjörg Lilja Hjartardóttir (2009). Kynjaskekkja í stjórnámálum. Breytingar og áhrifaþættir. Í *Stjórnámál og stjórnsýsla, veftímarit*, 5. árg., nr. 1, 2009. Fræðigreinar. Sótt 2. september 2010 af slóðinni http://www.stjornmalogstjornsysla.is/images/stories/fg2009v/the_glh.pdf

Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir (2010). Greining á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá kynjafræðilegu sjónarhorni. Fylgiskjal II með skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, bls. 209-267. Sótt 24. október 2010 af slóðinni <http://www.althingi.is/altext/138/s/pdf/1501.pdf>

Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir (2008). Egalitarian Attitudes Towards the Division of Household Labor Among Adolescents in Iceland. Í *Sex Roles*, 59. árg., nr. 1-2, bls. 49-60.

Þakkarorð

Sérstakar þakkir fær Sigríður Matthíasdóttir fyrir góðar athugasemdir.

Um höfund

Þorgerður Einarsdóttir (einarsd@hi.is) er prófessor við stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Hún lauk doktorsprófi í félagsfræði frá Gautaborgarháskóla árið 1997. Helstu rannsóknarsvið hennar eru vinnumarkaður, samræming fjölskyldulífs og atvinnu, hnattvæðing og þegnrettur, femínískar kenningar og gagnrýnin jafnréttisfræði.